

Eldisstöðin Íspór hf.
Nesbraut 25
815 Þorlákshöfn

Reykjavík, 3. júlí 2019
UST201811-225/F.T.
08.12.02

Efni: Málslok

Umhverfisstofnun vísar í bréf dags. 10. janúar 2019 þar sem stofnunin óskaði eftir tímasettri úrbótaáætlun vegna frávikna er fram komu í eftirliti þann 15. nóvember 2018.


Frávikin voru eftirfarandi:

1. Gr. 1.6 í starfsleyfi. Áætlun um frágang vegna tímabundinnar eða varanlegrar rekstrarstöðvunar skal liggja fyrir. **Áætlunin hefur borist stofnuninni og telst frávikinu lokið.**
2. Gr. 3.1 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal skrá allan úrgang sem verður til í framleiðslunni og þjálfun og reynslu starfsfólks. Skráningarnar skulu vera aðgengilegar eftirlitsaðila. Ekki var skráð losun á úrgangi sem varð til við framleiðsluna. Einnig var þjálfunarskrá ábótavant. **Skráningar á úrgangi verða teknar út í næsta eftirliti. Þjálfunarskrá hefur borist stofnuninni og telst frávikinu því lokið.**
3. Gr. 4.1 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal setja sér umhverfismarkmið og vinna eftir þeim. Umhverfismarkmiðin áttu að liggja fyrir árið 2015. **Umhverfismarkmiðin hafa nú borist Umhverfisstofnun og telst frávikinu lokið.**
4. Gr. 4.4 í starfsleyfi. Áhættumat og viðbragðsáætlun unnin á grundvelli áhættumatsins skulu liggja fyrir og vera aðgengileg eftirlitsaðila. Áhættumati og viðbragðsáætlun hafði ekki verið skilað til Umhverfisstofnunar. **Framangreind gögn hafa borist stofnuninni og telst frávikinu því lokið.**

Umhverfisstofnun hafa borist fullnægjandi upplýsingar um úrbætur og telst frávikunum lokið. Aðstæður verða skoðaðar í næsta eftirliti.

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst



Hulda Soffía Jónasdóttir
sérfræðingur



Frigg Thorlacius
lögfræðingur

Afrit í tölvupósti: Heilbrigðisnefnd Suðurlands